

ÚRSKURÐUR
uppkveðinn 22. júní 2021

í áfrýjunarmáli:

Vikar Karl Sigurjónsson

gegn

dómnefnd rallycrossdeildar AÍH

Áfrýjunardómstóll AKÍS

Með áfrýjun, mótttekinni 20. maí 2021, áfrýjar Vikar Sigurjónsson, úrskurði dómnefndar í rallycrosskeppni sem haldin var á braut AÍH við Krísuvíkurveg þann 16. maí sl.

Dómnefnd barst ábending frá keppnisstjóra um að ökutæki nr. 272 hefði ekið harkalega á ökutæki nr. 202. Úrskurður dómnefndar var svohljóðandi: „Ökumaður á ökutæki nr. 272 er áminntur fyrir brot á reglum um framúrakstur. Ökutæki nr. 272 telst hafa lokið umferð 3 í síðasta sæti og færist ökutæki nr. 220 upp í annað sæti í þeirri umferð og ökutæki nr. 221 upp í þriðja sæti.“ Ástæða úrskurðarins er tilgreind þannig: „Ökutæki nr. 272 telst hafa ekið harkalega utaní ökutæki nr. 202 og ekki viðhaft nægilega gætni við framúrakstur.“

Fyrir áfrýjunardómstóllinn voru lögð fram eftirtalin gögn: áfrýjun Vikars Sigurjónssonar, ódags. mótttekið af AKÍS 20. maí 2021 kl. 17.55, tilkynning Vikars Sigurjónssonar um fyrirhugaða áfrýjun, móttekin af dómnefnd 16. maí 2021 kl. 18.57, úrskurður dómnefndar dags. 16. maí 2021, skýrsla dómnefndar dags. 18. maí 2021. Auk þessa skoðaði áfrýjunardómstóllinn myndbönd af hinu kærða atviki.

Áfrýjunin:

Áfrýjunin gerir upplifun áfrýjanda skil, en engar raunverulegar kröfur eru gerðar. Í upphafi eru sett fram mótmæli sem verður að skilja á þann veg að áfrýjandi mótmælir þeirri afstöðu dómnefndar að um brot á reglum um framúrakstur hafi verið að ræða, en áfrýjandi virðist upplifa að hann hafi ekki átt neinn annan kost en að aka á ökutæki nr. 202 í þeirri stöðu sem uppi var á þessu augnabliki. Þá er dómnefnd gagnrýnd fyrir að úrskurða um áminningu og beita viðurlögum við einu og sama brotinu. Dómnefnd er einnig sökuð um að „vita ekki hvað þeir voru að dæma“ en áfrýjandi þvertækur fyrir að hafa verið að taka framúr bíl nr. 202 og telur úrskurð dómnefndar því byggja á röngum grunni. Áfrýjandi gagnrýnir einnig vinnubrögð dómnefndar og telur þau ófagmannleg og hrokafull. Að endingu er því varpað fram að áfrýjandi telur að endurskoða þurfi val á dómnefndarmönnum og að hafa þurfi þekkingu á rallycrossi sem hæfisskilyði við val á dómnefndarmönnum í framtíðinni.

Málsmeðferðin:

Áfrýjun ásamt fyrrgreindum fylgigögnum barst áfrýjunardómstóli með tölvupósti að kvöldi 21. maí sl. sem er innan tímamarka skv. gr. 7.1. í reglugerð um áfrýjunardómstól AKÍS. Dómstóllinn kom saman þann 27. maí og fór yfir formsatriði málsins. Málið var talið uppfylla formskilyrði og tekið til efnislegrar meðferðar skv. gr. 6.1. áðurnefndrar reglugerðar. Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að kalla eftir frekari gögnum í málinu og kom saman aftur þann 10. júní sl. og horfði á upptökur af hinu kærða atviki. Þótti dómstólnum niðurstaðan liggja ljós fyrir eftir þennan fund og voru aðilar ekki kallaðir til og ekki gefinn kostur á að flytja mál sitt, svo sem dómstólnum er heimilt að krefjast skv. gr. 6.5. í reglugerð um áfrýjunardómstól AKÍS.

Úrskurður:

Kröfugerð áfrýjanda er verulega ábótavant, en ljóst er af áfrýjun að hann er ósáttur við niðurstöðu dómnefndarinnar. Þess er ekki krafist að keppnin sé dæmd ógild, keppnin endurtekin, eða að dæmt sé um úrslit keppnarinnar, svo sem áfrýjunardómstólnum er heimilt að úrskurða um sbr. 11. kafla reglugerðar um áfrýjunardómstól AKÍS. Ekki er heldur að finna neinar aðrar kröfur í áfrýjuninni. Dómstólnum þótti þetta þó ekki efni til frávísunar í þetta skiptið, enda er dómstóllinn sammála niðurstöðu dómnefndar mótsins. Eftir skoðun

myndbandsupptaka frá mótinu, sem var í raun eina gagnið í málinu sem varpað gat ljósi á það sem gerðist, þótti dómstólnum ljóst að áfrýjandi braut sannarlega reglur um hegðun ökumanna í brautarakstri skv. gr. 3.2.8 í keppnisgreinareglum um rallycross, sbr. 2. gr. viðauka L við alþjóðlegu reglubókina, kafla IV um aksturshegðun á brautum (e. appendix L to the International Sporting Code, chapter IV – code of driving conduct on circuits). Vísar dómstóllinn sérstaklega til d) liðar fyrrgreindrar greinar um að valda árekstri, en dómstólnum þykir ljóst af gögnum málsins að áfrýjanda stóð ásetningur til áreksturs fremur en nokkurs annars og er slík hegðun, þó fram komi „í hita leiksins“, ekki til eftirbreytni og ámælisverð. Ekki er fallist á það með áfrýjanda að hann hafi ekki átt neinn annan kost en árekstur í umrætt sinn. Dómstóllinn telur þvert á móti að nægt rými hafi verið til skaðlausra aðgerða fyrir ökutæki nr. 272, sem og að ökutæki nr. 202 hafi verið komið það langt fram fyrir ökutæki nr. 272 að rétt hafi verið metið hjá dómnefnd að um árekstur í framúrakstri hafi verið að ræða.

Fallist er á það með áfrýjanda að óheppilegt sé að áminning og refsing sé notuð saman. Annað hvort fær keppandi áminningu eða hann er dæmdur fyrir brot og fær refsingu, svo sem niðurstaðan raunverulega var í hinu áfrýjaða máli.

Ekki er fallist á röksemdir áfrýjanda um að dómnefnd hafi ekki vitað hvað hún var að dæma og virðast þær ásakanir gripnar úr lausu lofti og ekki studdar neinum gögnum. Hvað varðar ófagmannleg og hrokafull vinnubrögð dómnefndar er það persónuleg upplifun sem dómstóllinn getur ekki lagt mat á. Hins vegar má beina þeim vinsamlegu tilmælum til dómnefnda að viðhafa aðgát við vinnu sína og birtingu úrskurða á meðan á keppni stendur.

Varðandi endurskoðun á vali á dómnefndarmönnum í framtíðinni er vísað til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar AKÍS (síðar áfrýjunardómstóll AKÍS) frá 2. september 2016 þar sem farið er yfir álíka kröfur sem eiga að ná til einhvers í framtíðinni. Slíkt er ekki tækt til úrskurðar og verður ekki fjallað frekar um.

Að lokum vill áfrýjunardómstóllinn benda á að áfrýjendum ber að sjá til þess að áfrýjanir séu í samræmi við reglugerð um áfrýjunardómstólinn. Skulu keppendur sem hyggjast áfrýja úrskurðum dómnefnda kynna sér efni reglugerðarinnar og haga málatilbúnaði sínum í samræmi við hana. Í nefndri reglugerð eru ákveðnar lágmarks kröfur gerðar til áfrýjunar. Í kafla 6.2. kemur meðal annars fram að í áfrýjun skuli kröfugerð vera skýr, en því er verulega ábótavant í þessu máli. Nú, líkt og í fyrnefndum úrskurði frá 2. september 2016, tók dómstóllinn til alvarlegrar skoðunar að taka málið ekki til efnismeðferðar. Þá þykir rétt að beina þeim tilmælum til keppnishaldara og dómnefnda keppna að leiðbeina hinum kærðu, bæði um réttinn til áfrýjunar, sem og þeirra krafna sem til þeirra eru gerðar.

Úrskurður þessi er kveðinn upp af Skúla Bjarnasyni, Hannesi J. Hafstein, Berglinði Jónasardóttur, Þórhalli B. Jósepsyni og Árna Árnasyni.

Úrskurðarorð

Úrskurður dómnefndar í rallycrosskeppni AÍH við Krísuvíkurveg þann 16. maí 2021 er staðfestur.